

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um stofnun Þjóðgarðastofnunar og fleira á fundi sínum þann 9. Maí sl.:

„Starfsemi þjóðgarða hefur aukist verulega á undanförunum árum. Með stofnun miðhálandisþjóðgarðs myndi stærð og umfang þjóðgarða á Íslandi aukast gríðarlega til viðbótar. Í því samhengi hefur verið rædd nauðsyn þess að setja á stofn þjóðgarðastofnun Íslands. Sveitarstjórn Borgarbyggðar tekur undir þá skoðun. Í því sambandi vill byggðarráð Borgarbyggðar skora á umhverfisráðherra og þingmenn kjördæmisins að beita sér fyrir því að slík stofnun verði sett niður á Hvanneyri í Borgarfirði. Fyrir þeirri afstöðu liggja margvísleg rök sem eru tilgreind hér enn frekar. Mikilvægt er að fagstofnun sem þjóðgarðastofnun yrði sé fundinn staður þar sem hún yrði landfræðilega vel staðsett, myndi starfa í nánum tengslum við meginviðfangsefni sitt og hefði faglegan og samfélagslegan styrk af sínu nánasta umhverfi. Allar þessar forsendur eru til staðar á Hvanneyri í Borgarfirði. Það er skýrt enn frekar út hér: I. Jörðin Hvanneyri og nánasta umhverfi hennar í Andakíl í Borgarfirði hefur hlotið formlega viðurkenningu sem friðland. Landsvæðið var friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum árið 2002 og friðlandið síðan stækkað enn frekar árið 2011. Árið 2013 fékk landsvæðið viðurkenningu sem Ramsarsvæði, en það er alþjóðlegt búsvæði fugla. Það undirstrikar enn frekar sérstöðu þessa svæðis. Gömlu húsin á Hvanneyri og engjarnar voru síðan friðlýst í heild sinni sem sérstakt búsetuminjasvæði árið 2015. Það er einstakt á Íslandi að heilt búsetuminjasvæði, sem nær bæði yfir byggingar og nærliggjandi landsvæði, sé friðlýst sem ein heild. II. Í Borgarbyggð eru sex önnur friðlönd og fjöldi landsvæða á náttúruuminjaskrá. Hluti sveitarfélagsins nær inn á miðhálandið eins og það hefur verið skilgreint. Þar má nefna stóran hluta Langjökuls, Eiríksjökul, Geitland, Hallmundarhraun, Arnarvatnsheiði og Tvídægru. III. Hvanneyri er í þjóðbraut eins og leið liggur milli Snæfellsnes, Vestfjarða, Norðurlands, Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins. Fjarlægðir frá Hvanneyri til Borgarness eru 12 km, að þingvöllum rúmir 50 km eftir Uxahryggjaleið, til Reykjavíkur eru 70 km og vestur á Snæfellsnes eru 80 - 100 km. IV. Við Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ) hefur undanfarin 15 ár verið starfrækt kennslubraut í þjóðgarðafræðum og náttúruvernd. Fjöldi B.s. og M.s. nema hafa verið útskrifaðir frá námsbrautinni á þeim tíma sem hún hefur starfað. V. LBHÍ er með fjölbreytt nám í landnýtingu s.s. búfræði, búvísindum, umhverfisskipulagi, skógrækt og landgræðslu. Landsvæði skólans er tilraunastöð í landnýtingu s.s. í landbúnaði, náttúruvernd og minjavernd. Umhverfi skólans býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir tilraunir í mannvirkjagerð sem víða er notuð á friðlöndum s.s. stígagerð. VI. Vorið 2019 var opnuð gestastofa í Halldórsfjósi á Hvanneyri. Gestir stofunnar fá þar tækifæri til að fræðast um fuglalífið í friðlandinu Andakíl. VII. Gamli skólinn og skólastjórahúsið eru nátengd þróun og uppbyggingu búfræðimenntunar á Íslandi. Þessar byggingar eru í eigu ríkisins en hafa lítið verið nýttar eftir að hinu upprunalega hlutverki þeirra lauk þrátt fyrir að vera í mjög góðu ástandi. Kjörrið tækifæri er því til að koma þar fyrir starfsemi sem tengist opinberri stjórnslu og náttúruvernd. Þjóðgarðastofnun Íslands er tilvalinn kostur í því sambandi. VIII. Á Hvanneyri er að finna leikskóla, grunnskóla, háskóla, ráðgjafþjónustu í landbúnaði, landgræðslu og skógrækt svo nokkuð sé nefnt af þeirri starfsemi sem er að finna á staðnum. Mötuneyti er við LBHÍ og við háskólann er starfrækt endurmenntunar-deild. Gistiheimili hefur verið rekið á staðnum á sumrin. Sveitarstjórn Borgarbyggðar lýsir sig reiðubúið til að ræða áherslur sveitarfélagsins um stofnun miðhálandisþjóðgarðs við umhverfisráðherra í tengslum við ofangreinda umsögn. Einnig lýsir sveitarstjórnin því yfir að það telur stofnun miðhálandisþjóðgarðs jákvætt skref til að efla vörslu og verndun hálandisins.



Bestu kveðjur / Best regards

Gunnlaugur A. Júlíusson

sveitarstjóri Borgarbyggðar

☎ +354 433-7100

gunnlaugur@borgarbyggd.is / www.borgarbyggd.is

www.facebook.com/borgarbyggd